

## AUGLÝSING

### um útgáfu starfsleyfis fyrir Málningarverksmiðjuna Hörpu hf., Stórhöfða 44, Reykjavík.

Hollustuvernd ríkisins hefur gefið út starfsleyfi fyrir Málningarverksmiðjuna Hörpu hf., Stórhöfða 44, Reykjavík, kt. 600169-2629. Starfsleyfið er gefið út í samræmi við 6. gr. í I. kafla laga nr. 7/1998, um hollustuhætti og mengunarvarnir. Starfsleyfið öðlast gildi við birtingu þess í B-deild Stjórnartíðinda og gildir til 1. janúar 2004.

*Reykjavík, 6. október 1999.*

*Hollustuvernd ríkisins,*

**Jón Gíslason**

staðgengill forstjóra.

---

*Davíð Egilsson*

forstöðumaður.

## AUGLÝSING

### um útgáfu starfsleyfis fyrir Málningarverksmiðju Slippfélagsins í Reykjavík hf., Dugguvogi 4, Reykjavík.

Hollustuvernd ríkisins hefur gefið út starfsleyfi fyrir Málningarverksmiðju Slippfélagsins í Reykjavík hf., kt. 600269-0549. Starfsleyfið er gefið út í samræmi við 6. gr. í I. kafla laga nr. 7/1998, um hollustuhætti og mengunarvarnir. Starfsleyfið öðlast gildi við birtingu þess í B-deild Stjórnartíðinda og gildir til 1. janúar 2004.

*Reykjavík, 6. október 1999.*

*Hollustuvernd ríkisins,*

**Jón Gíslason**

staðgengill forstjóra.

---

*Davíð Egilsson*

forstöðumaður.

## REGLUGERÐ

### um námskeið og próf fyrir viðurkennda bókara.

1. gr.

Prófnefnd þriggja manna sem ráðherra skipar til fjögurra ára í senn, annast námskeið og próf til viðurkenningar bókara. Prófnefnd er heimilt að fela öðrum að annast námskeið og próf samkvæmt reglugerð þessari.